



Vel heppnaður kynningarfundur Bestu deildar kvenna

Kynningarfundur Bestu deildar kvenna var haldinn þriðjudaginn 18. apríl og tókst hann vel.

Á fundinum fór Birgir Jóhannsson framkvæmdastjóri yfir kynningarefni deildarinnar í sumar og kynnti m.a. nýjungar í samstarfi við Púls Media á kynningu á deildinni og lifandi upplýsingum sem er afar áhugavert.

Eiríkur Stefán, forstöðumaður íþróttadeildar Stöðvar 2 Sport, kynnti í framhaldinu þær áherslur sem stöðin mun verða með á komandi tímabili, allir leikir verða í beinni útsendingu og allir leikir með lýsingu, dagskrárgerð verður ítarlegri en áður með betri þjónustu við áhorfendur og Bestu mörkin með Helenu Ólafs verða á sínum stað þar sem umferðirnar verða gerðar upp.

Leikmenn, þjálfarar og forráðamenn liðanna í deildinni spáðu fyrir um niðurstöðu deildarinnar og voru þær niðurstöður kynntar á fundinum. Birgir upplýsti um að þátttaka í spánni hafi verið 100% sem er afar ánægjulegt. Tekin var upp sú nýbreytni að fá stutt álit frá fyrirliðum liðanna jafnóðum og niðurstöðurnar voru kynntar og kom sú hugmynd frá kynningarfundum Allsvenskan fyrr í mánuðinum.

Spá Bestu deildar kvenna 2023


1. Breiðablik	242
2. Stjarnan	238
3. Valur	216
4. Þróttur	198
5. Þór/KA	154
6. Selfoss	145
7. ÍBV	106
8. FH	75
9. Keflavík	60
10. Tindastóll	51

Spá fyrirliða, þjálfara og formanna í Bestu deild kvenna 2023



Besta deildin tilnefnd til Lúðursins og FÍT verðlauna

ÍMARK, samtök íslensks markaðsfólks, tilnefndu vörumerkið „Besta deildin“ til Lúðursins 2022 í flokki mörkunar – ásýnd vörumerkis, á árlegum ÍMARK degi sem haldinn var 24.mars s.l. Tilnefningin er mikil viðurkenning á því markaðsstarfi sem ÍTF og Brandenburg unnu á síðasta ári í tengslum við Bestu deildirnar en þess má geta að það var Ícelandair sem vann þennan flokk Lúðursins að þessu sinni. Félag íslenskra teiknara, FÍT, tilnefndi jafnframt verðlaunaskjöld Bestu deildanna til verðlauna í opnum flokki í FÍT keppninni 2023. Verðlaunaskjöldur Bestu deildanna bar þar sigur úr býtum og er það einnig góð viðurkenning á því starfi sem unnið var á síðasta ári í tengslum við að koma nýju vörumerki á framfæri.



Frá kynningarfundum Allsvenskan

Markaðsstjóri ÍTF á opnun Allsvenskan

Björn Þór Ingason, markaðsstjóri ÍTF, heimsótti sænsku deildarsamtökin nú í lok marsmánaðar og var hann viðstaddur kynningarviðburð þegar Allsvenskan var með formlegum hætti sett af stað. Um 250 gestir voru viðstaddir viðburðinn sem markar upphaf deildarinnar í Svíþjóð og hefur slíkur viðburður ekki verið haldinn þar í landi síðan 2019 vegna Covid. Um mjög stóran viðburð er að ræða þar sem þjálfarar, leikmenn, fjölmiðlar og fleiri taka þátt og kynna deildina og ýmislegt sem að henni snýr.

Fulltrúar tveggja deildasamtaka í Evrópu voru gestir á viðburðinum, Björn Þór fyrir hönd ÍTF og Bestu deildanna og svo fulltrúi frá La Liga á Spáni en tilgangurinn var einfaldlega sá að sjá hvernig slíkur viðburður er skipulagður í Svíþjóð og þá hugsanlega taka upp hugmyndir sem nota má hjá okkar deildum í kynningum síðar.

Opta Forum fyrirlestrar

Svokallað Opta Forum sem er ráðstefna skipulögð fyrir starfsmenn félaga, deilda, knattspyrnusambanda og rétthafa var haldin í 10.sinn þann 21.mars s.l. í London. Viðburðurinn er einn af leiðandi alþjóðaviðburðum sem snýr að nýjungum í greiningum í knattspyrnu og eru fjölmörg atriði tekin þar fyrir í fyrirlestraformi og nýjungar kynntar. Gríðarlega mikil þróun á sér stað innan greiningargeira fótboldans og það eru ekki aðeins þjálfarar og starfsmenn félaga sem nýta sér þessar nýjungar heldur eru í auknum mæli rétthafar, sjónvarps, útvarps og stafrænir útgefendur að nýta nýja tækni til að greina betur leikinn og bæta umfjöllun sína um deildarkeppnir um allan heim. Það er gríðarlega mikilvægt að við fylgjumst með þessari þróun og var fulltrúi ÍTF á ráðstefnunni.



Frá Opta Forum í London



Bestu deildirnar fara vel af stað

Besta deild karla hófst mánudaginn 10.apríl, annan í páskum, með heilli umferð sem var vel sótt af áhorfendum og óvænt úrslit litu dagsins ljós sé tekið mið af spám fyrir tímabilið. Um 1200 áhorfendur að jafnaði mættu á leiki umferðarinnar, flestir á leik Fylkis og Keflavíkur eða 1630. Áhorfendur í fyrstu umferðinni voru samanlagt 7.255 sem er veruleg fjölgun frá fyrstu umferðinni á síðasta ári þegar 6.038 áhorfendur sóttu fyrstu umferðina. Fjölgunin er því 20% og fjölgunin í fyrstu þremur umferðunum nemur um 10% sem er verulega ánægjulegt og vonandi verður framhald á.

Besta deild kvenna hófst svo þriðjudaginn 26.apríl með þremur leikjum en tveir leikir voru svo leiknir miðvikudaginn 27.apríl. Sú breyting er á fyrirkomulagi Bestu deildar kvenna nú að úrslitakeppni er leikin eftir hefðbundnar 18 umferðir og hefur leikjafjöldi því aukist nokkuð en síðustu leikir fara fram 6.október.

1.umferðin var vel sótt en flestir áhorfendur voru á leik Vals og Breiðablik, eða 630.

Aukin þjónusta á bestadeildin.is

Á vefsíðunni bestadeildin.is hefur verið bætt við möguleikum sem gera áhugasömum kleift að horfa á hápunkta allra leikja í Bestu deildum karla og kvenna og unnið að því að koma tölfræði leikja þar inn. Jafnframt er komin inn á síðuna möguleiki á að kaupa miða á alla leiki deildanna.

ÍBV 1-0 Selfoss

[Hápunktar](#) [Leikskýrsla](#)

Tindastóll 0-0 Keflavík

[Hápunktar](#) [Leikskýrsla](#)

Stóraukin þjónusta Stöðvar 2 Sport við Bestu deildirnar

Stöð 2 Sport hefur stóraukið þjónustu sína við áskrifendur af Bestu deildunum, bætt hefur verið við myndavélar á völlum, öllum leikjum er lýst og auðvelt er að nálgast samantekt fyrir hvern leik á heimasíðu Stöðvarinnar. Á síðu Stöðvar 2 Sport er hægt að horfa á einstaka leiki, samantekt úr viðkomandi leik, helstu atvik og svo horfa á viðtöl auk þess sem umfjöllun um viðkomandi leik er aðgengileg úr annars vegar Bestu mörkunum undir stjórn Helenu Ólafs og hins vegar Stúkunni undir stjórn Gumma Ben.

Líkt og fram kom í kynningu Eiríks Stefáns á kynningarfundum deildanna er það metnaður Stöðvar 2 Sport að bæta við nýjungum reglulega og bæta alla umfjöllun um deildirnar og það hefur sannarlega verið gert í upphafi þessa tímabils.



Frá ársþingi European Leagues í Prag

Áhersla European Leagues á hærri samstöðugreiðslur til aðildarfélaga

Ársþingi European Leagues (EL) sem ÍTF er aðili að er nýlokið en þingið fór fram í Prag dagana 20 – 21. apríl.

Á þinginu var m.a. samþykkt yfirlýsing þess efnis að skorað er á UEFA og aðra hagsmunaaðila í knattspyrnunni að auka verulega greiðslur til þeirra félaga sem ekki taka þátt í lokakeppnum Meistaradeildarinnar, Evrópukeppnanna og Sambandsdeildarinnar. M.ö.o. að þau félög sem ekki fara í riðlakeppnir þessara móta fái hærra hlutfall af greiðslum en áður.

Skorað er á aðila að hækka þessar greiðslur úr 4% af heildartekjum keppnanna í 10% af heildartekjum sem myndi þýða verulega hækkun greiðslna til íslenskra félaga. Áhersla er lögð á að bæta samkeppnishæfni þeirra félaga sem ekki taka þátt í riðlakeppnunum og bæta umhverfi þeirra til þess að þróa unga leikmenn en samstöðugreiðslurnar hafa fyrst og fremst verið greiddar til þróunar fyrir yngri leikmenn félagsliðanna.

Á síðasta tímabili námu greiðslur til íslenskra félagsliða ríflega 1 milljón EUR, eða um 150 milljónum króna og því ljóst að ef af yrði myndi slík hækkun þýða umtalsverða búbót fyrir íslensk félagslið karla og kvenna.

Á ársþinginu var lýst yfir stuðningi við það fyrirkomulag sem ríkir í evrópskum fótbolta, þ.e. hefðbundið deildarfyrirkomulag þar sem neðstu liðin í hverri deild falla, efstu lið færast upp um deild og þau félög sem ná bestum árangri í efstu deild taki þátt í UEFA Evrópukeppnum. Jafnframt að sanngjarnt samstöðukerfi sé viðhaft í evrópukeppnum þar sem „minni“ lið eru aðstoðuð fjárhagslega við þróun sína með framlögum af tekjum þessara stóru keppna.

Knattspyrnan hefur samfélagslegu hlutverki að gegna og skammtíma fjárhagslegir hagsmunir fárra mega ekki stefna því hlutverki í hættu til lengri tíma segir einnig í yfirlýsingu frá deildunum.

Formaður og framkvæmdastjóri ÍTF á ársþingi EL





Samstarf Lengjudeildar og OZ um beinar útsendingar

Á kynningarfundum Lengjudeildanna sem haldinn var í félagsaðstöðu Fram í Úlfarsárdal var kynnt samstarfsverkefni Lengjudeilda og OZ Sports. Í samstarfinu felst að settar verða upp sjálfvirkar myndavélar á alla velli í Lengjudeild karla, allt frá 2 vélum upp í 6 myndavélar, og verður sýnt beint frá öllum leikjunum með þessum sjálfvirkum myndavélum. Um nokkurs konar tilraunaverkefni er að ræða sem verður afar athyglisvert að fylgjast með og ef vel tekst til er ætlunin að bæta við á þá velli sem vantar á í Lengjudeild kvenna.

Auður Erlingsdóttir, fjármála – og verkefnastjóri OZ, kynnti verkefnið og í kynningu hennar kom fram að myndgæði í þessum útsendingum verða mun betri en áður hefur verið í deildinni, félögin geti nýtt þennan búnað fyrir aðra viðburði á sínum völlum auk þess sem fleiri myndavélar bjóða upp á fleiri möguleika fyrir alls kyns greiningar.

Áhugavert verkefni sem mun klárlega bæta þjónustu við áhugafólk á Lengjudeildunum.

Fulltrúi ÍTF í starfshópi European Leagues um knattspyrnu kvenna

Birgir Jóhannsson, framkvæmdastjóri ÍTF, er fulltrúi ÍTF í starfshópi European Leagues (EL) um knattspyrnu kvenna (Women's Football Task Force).

Aðildarfélag ÍTF voru fyrstu kvennaliðin sem voru aðilar að European Leagues en síðan hafa Írar bæst í hópinn. Markmið starfshópsins er m.a. að meta möguleika og hlutverk EL við að styðja við þróun knattspyrnu kvenna í hverju landi fyrir sig, út frá skipulagslegum og viðskiptalegum sjónarmiðum en auk þess að skoða kosti þess að deildirnar, þ.e. karla og kvenna, starfi saman og undir sameiginlegum merkjum líkt og gert er hér með Bestu deildirnar.

Í starfshópnum eru aðilar frá 9 deildum, en auk Íslands eru þar fulltrúar frá Austurríki, Belgíu, Hollandi, Lettlandi, Írlandi, Norður-Írlandi, Spáni og Svíþjóð.



Women's Football Task Force



First meeting:
24 January
2023



Leagues presentation

• **Roundtable discussions** between participants on:

- Current Member leagues' involvement in women's competition (structure and overview of domestic women competitions)
- Strategic brainstorming to identify opportunities for women football competitions to become more independent (from the National Associations)

• **Ireland (IRL), Northern Ireland (NIL) and Iceland (ISL)** shared their **experience and insights** on having had successfully included **women competition(s)** under the umbrella of the professional football league entity.

Fulltrúar deildanna í Írlandi, Norður-Írlandi og Íslandi, hafa kynnt upplifun deildanna af því að hafa sameiginlegt vörumerki fyrir karla – og kvennadeildirnar og er áætlað að á næsta fundi starfshópsins sem haldinn verður í maí verði kynntar hugmyndir um hvernig gera megi enn betur varðandi kynningu og markaðssetningu á kvennadeildunum sem hafa verið í mikilli sókn.